

## Notkun sjúkraflugvélar og pöntun á sjúkraflugi

Ábyrgð: Yfirlæknar sjúkraflugs á Akureyri og bráðalækninga utan sjúkrahúsa á Íslandi

Efnisyfirlit

[Almennt um sjúkraflug](#)

[Meginsjónarmið varðandi notkun sjúkraflugvélar](#)

[Leiðbeiningar um pöntun á sjúkraflugi](#)

### Almennt um sjúkraflug

Sérhæfð sjúkraflugvél af gerðinni Beechcraft King Air 200 hefur aðsetur á Akureyrarflugvelli. Í áhöfn vélarinnar eru alltaf flugstjóri, flugmaður og sjúkraflutningamaður. Sjúkraflutningamenn eru ýmist með réttindi sem neyðarflutningsmenn eða bráðataeknar. Þeir hafa heimild til að gefa lyf til endurlífgunar og ýmis önnur lyf samkvæmt fyrirmælum læknis. Þegar þörf er á er fluglæknir einnig með í áhöfn, oftast sérfræðilæknir og oft svæfingalæknir. Vaktþjónusta er allan sólahringinn allt árið. Sé þörf á sérfræðingsaðstoð (t.d. svæfingalækni eða ljósmóður) er reynt að verða við því, **en það er ekki mögulegt í öllum tilvikum**. Upplýsingar um búnað um borð má finna á [www.sjukraflug.is](http://www.sjukraflug.is). Hægt er að leita ráða hjá fluglækni í síma 8600565 eða 8600566 ef hann er á jörðu niðri.

### Meginsjónarmið varðandi notkun sjúkraflugvélar<sup>1</sup>:

- I. Sjúkraflugvél má nota þegar um er að ræða veikindi eða áverka sem kalla á skjóta eða sérhæfða meðferð, eftirlit eða flutning sem best má framkvæma með sjúkraflugvél. Aðeins ætti að nota sjúkraflugvél þegar líklegt er að notkun hennar gefi heilsufarslegan ávinning umfram notkun annarra tiltækra úrræða.
- II. Sjúkraflugvél má einnig nota við aðstæður þar sem tími er ekki afgerandi, en flutningur í sjúkrabíl getur valdið miklu andlegu eða líkamlegu álagi fyrir sjúkling, t.d. ef fjarlægðir eru miklar eða flutningstími langur.
- III. Sjúkraflugvél má nota til að flytja sjúklinga heim að aflokinni meðferð eða legu ef læknir telur það nauðsynlegt eða ef nauðsynlegt er að flytja sjúklinga til að losa pláss fyrir aðra sjúklinga á stærri sjúkrahúsum. Hér skal þó kannað hvort nýta megi hagkvæmari flutningsleiðir (t.d. áætlunarflug).
- IV. Í sérstökum tilfellum, þegar það telst nauðsynlegt vegna tímasparnaðar, má nota sjúkraflugvél til að flytja lækningavörur, lyf, líffæri, blóðhluta eða heilbrigðisstarfsfólk á milli staða.
- V. Sjúkraflugvél skal að jafnaði ekki nota í lögregluaðgerðum öðrum en leit að týndu fólki. Lögregla má hins vegar fylgja sjúklingi ef það er nauðsynlegt til að tryggja öryggi hans eða annarra.
- VI. Við sérstakar aðstæður mega læknir og sjúkraflutningarmaður fara í útkall í sjúkrabíl. Það skal gert samkvæmt sömu ábendingum og ef um sjúkraflug væri að ræða og kemur ekki í staðinn fyrir vakþjónustu heilsugæslulækna.

<sup>1</sup> Ekki eru í gildi lög eða reglugerðir sem segja fyrir um hvernig sjúkraflugvél skuli notuð. Þetta eru því einungis sjónarmið ábyrgðaraðila.

## Leiðbeiningar um pöntun á sjúkraflugi

Heilbrigðisstarfsfólk getur í krafti starfs síns pantað sjúkraflugvél. Um flutninga vegna fæðingar, meðgönguvandamála og nýburasjúkdóma gilda sérstakar verklagsreglur, sjá [www.sjukraflug.is](http://www.sjukraflug.is).

**Allar pantanir fara í gegnum Neyðarlínu 112 sem kallar út áhöfn sjúkraflugvélar með SMS boðum og símtali ef við á. Eftirfarandi upplýsingar þarf að hafa á reiðum höndum þegar sjúkraflug er pantað:**

Hvers vegna	Reitir fyrir umbeiðanda
Ástæða flutnings (sjúkdómur eða ástand)	
<b>Hvaðan</b>	
Frá hvaða heilsugæslu / sjúkradeild	
Ábyrgur læknir / ljósmóðir	
Símanúmer	
<b>Hvert</b>	
Hvaða legudeild	
Ábyrgur læknir	
Símanúmer	
<b>Hversu mikið liggur á</b>	
F-1 Útkallstími eins stuttur og hægt er. Útkall tekið fram fyrir önnur útköll. Fluglæknir alltaf með.	F-
F-2 Útkallstími innan við 35 mínútur ef hægt er. Fluglæknir með nema annað sé tekið fram.	
F-3 Útkallstími allt upp í 6 klst. en strax ef hægt er. Fluglæknir með ef óskað er eftir því sérstaklega.	
F-4 Tímasetning eftir samkomulagi. Fluglæknir með ef óskað er eftir því sérstaklega.	
<b>Hvenær</b>	
Hvaða mánaðardag og hvenær dags er óskað eftir F-3 eða F-4 flutningi. Forðist orðalag sem getur valdið misskilningi.	___/___ kl. ___:___
<b>Hver</b>	
Nafn sjúklings	
Kennitala sjúklings	-
Heimilisfang sjúklings	
Almenn lýsing á ástandi sjúklings. Hversu alvarleg eru veikindi og hver er þróunin, t.d. <i>mjög þungt haldinn en óbreytt (stabilt) ástand síðustu 2 klst.</i>	
Hvaða meðferð er búið að veita?	
Hvaða meðferð er í gangi?	
Lyfjaskammtar.	
Stillingar á öndunarvél, hraði sídreypa, æðaleggir, dren, sog, slöngur, ...	
<b>Lífsmörk þarf alltaf að gefa upp þegar hringt er í 112:</b>	
Meðvitundarstig	Meðvitundarstig (AVPU eða GCS):
Hjartsláttartíðni	HT:

Öndunartíðni	ÖT:
Blóðþrýstingur	BP:
Súrefnismettun	SpO <sub>2</sub> :
Súrefni (íkomuleið, lítrar eða FiO <sub>2</sub> )	Súrefni:
Líkamshiti (ef við á)	Hiti:
Hvernig	
Þörf fyrir fluglækni?	
Þörf á sérfræðingsaðstoð (ljósmóður, svæfingalækni, ...)?	
Þörf á lögreglufylgd?	
Þörf á sérstökum búnaði (t.d. hitakassi, sprautudællur)?	
Þörf á blóði?	
Þörf á sérstökum lyfjum (t.d. Tractocile)?	

Þetta skjal skal endurskoðað einu sinni á ári og oftár ef ástæða er til, svo sem við breytingar á skipulagi.